

Hvers vegna voru áhrif frá dönsku á Íslandi með allt öðrum hætti en í Noregi og Færeyjum? Um tengsl íslensku, norsku og færeysku við dönsku í sögulegu samhengi

Auður Hauksdóttir

Fræðimenn hafa undirstrikað mikilvægi ýmissa ytri þátta fyrir máltengsl og málþróun. Öll tungumál verði fyrir áhrifum frá öðrum tungum að einhverju leyti, en að eðli og umfang tengslanna við aðkomumálið varði miklu um stöðu og þróun heimamálsins. Í okkar samhengi er áhugavert að skoða, hvernig ytri aðstæður urðu þess valdandi að íslenska, norska og færeyska tengdust aðkomumálinu dönsku með afgerandi hætti og um svipað leyti. Tengslin voru viðvarandi um langt skeið, en þau voru ólík að eðli og umfangi, og því varð málþróunin með ólíkum hætti, þrátt fyrir að náskyldar norrænar tungu ættu í hlut.

Ísland og Færeyjar urðu hluti af dansk-norska ríkinu undir lok fjórtándu aldar og samband landanna hélst óslitið fram til ársins 1814, þegar Noregur fluttist undir Svíakonung. Með tilkomu dansk-norska konungsríkisins jukust tengsl Danmerkur og Noregs, sem leiddi til aukinnar notkunar dönsku í Noregi, enda lítill munur á milli norsku og dönsku framan af. Siðaskiptin juku vald konungs svo um munaði, sem ýtti undir notkun dönsku innan ríkisins, einkum þó í Noregi og á Færeyjum. Einveldið leiddi til aukinnar miðstýringar og styrkti stöðu Kaupmannahafnar sem höfuðborgar dansk-norska ríkisins, en þessar aðstæður kölluðu á æ frekari notkun dönsku innan stjórnsýslunnar, og með því urðu tengsl íslensku, norsku og færeysku við ritaða dönsku sífellt meiri. Í því samhengi varðaði miklu, að frá því um miðja átjándu öld fengu embættismenn danska ríkisins menntun sína á dönsku í stað latínu áður.

Í fyrirlestrinum verða tengsl íslensku, norsku og færeysku við dönsku skoðuð í ólíku samhengi frá því um siðaskiptin fram til aldamótanna átján hundruð. Aðaláherslan verður lögð á notkun dönsku og móðurmálsins innan kirkjunnar og í tengslum við stjórnsýslu. Ólíkt Noregi og Færeyjum gegndi móðurmálið mikilvægu hlutverki innan kirkjunnar á Íslandi, þar sem bæði Biblían og sálmar voru á íslensku. Staða dönskunnar innan stjórnsýslunnar var einnig allt önnur í löndunum þremur, en notkun ritaðrar dönsku í stjórnsýslunni á Íslandi jókst smám saman með aukinni miðstýringu og með því að farið var að kenna á dönsku við Hafnarháskóla. Að lokum verður varpað ljósi á ólíka stöðu í löndunum þremur, hvað varðar byggðarþróun og myndun þéttbýlis, en bæjarmyndun virðist hafa skipt sköpum fyrir notkun dönsku í löndunum þremur.